

## GJALDSKRÁ

### byggingarfulltrúans í Mosfellsbæ m.a. vegna úttekta, vottorða o.fl.

#### 1. gr.

Fyrir úttektir, vottorð, skjalagerð og yfirlestur ýmiss konar og íbúðaskoðanir sem gerðar eru vegna nýbygginga, viðbygginga og breytinga á eldri byggingum í Mosfellsbæ, skal byggingarfulltrúinn í Mosfellsbæ í umboði bæjarstjórnar innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

#### 2. gr.

Fyrir neðangreindar úttektir og með tilvísun til byggingarreglugerðar nr. 441/1998 skal byggingarfulltrúi innheimta gjöld sem hér segir:

	kr.
A) Fyrir úttekt vegna byggingarstjóraskipta, sbr. 36. gr.	10.800
B) Fyrir úttekt vegna meistaraskipta, sbr. 47. gr.	5.700
C) Fyrir áfangáúttekt, sbr. 48. gr.	5.700
D) Fyrir lokaúttekt, sbr. 53. gr.	10.800
E) Fyrir stöðuúttekt, sbr. 55. gr.	10.800

#### 3. gr.

Byggingarfulltrúi áætlar fjölda áfangáúttekta samkvæmt C-lið 2. gr. áður en byggingarleyfi er gefið út.

#### 4. gr.

Fyrir neðangreind vottorð, skjalagerð og yfirlestur ýmiss konar og með tilvísun til byggingarreglugerðar nr. 441/1998 og 53. gr. laga nr. 73/1997 skal byggingarfulltrúi innheimta gjöld sem hér segir:

Sbr. byggingarreglugerð nr. 441/1998:	kr.
A) Lokaúttektarvottorð, sbr. 54. gr.	6.200
B) Fokheldisvottorð, sbr. 55. gr.	17.000
C) Stöðuvottorð, sbr. 55. gr.	6.200
Sbr. 53. gr. laga nr. 73/1997:	
D) Stofnskjalagerð, stór	10.300
E) Stofnskjalagerð, lítil	3.100
F) Yfirlestur eignaskiptayfirlýsinga, stór	20.600
G) Yfirlestur eignaskiptayfirlýsinga, lítil	10.300
H) Samrunaskjalagerð	15.500
I) Útsetning húss og lóðar, með tékkmælingu	56.600
J) Útsetning húss og lóðar, einföld útsetning	30.900

#### 5. gr.

Vegna skoðunarskýrslu byggingarfulltrúa á áður gerðum íbúðum skal byggingarfulltrúi innheimta skoðunargjald sem hér segir: Fyrir hverja skoðun kr. 8.700.

#### 6. gr.

Byggingarfulltrúi annast innheimtu allra gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi, sbr. 3. mgr. 55. gr. skipulags- og byggingarlaga.

## 7. gr.

Gjalddagi gjalda, sbr. 2. gr. er samhliða beiðni um úttekt.

Gjalddagi vottorða, sbr. 4. gr. er við afhendingu þeirra.

Gjalddagi skoðunargjalds, sbr. 5. gr. er samhliða beiðni um skoðun.

## 8. gr.

Gjöld vegna áfangaúttekta skal endurgreiða komi ekki til verkframkvæmda á gildistíma byggingarleyfis.

## 9. gr.

Virðisaukaskattur leggst ekki á gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

## 10. gr.

Gjöld innheimt samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til greiðslu sannanlegs kostnaðar við einstaka verkþætti gjaldskrárinnar.

## 11. gr.

Gjaldskrá þessi sem öðlast þegar gildi er samþykkt af bæjarstjórn Mosfellsbæjar með heimild í 53. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, sbr. einnig 27. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá um sama efni nr. 256 frá 16. febrúar 2005.

*Mosfellsbæ, 30. desember 2005.*

**Stefán Ómar Jónsson** bæjarritari.

---

B-deild – Útgáfud.: 12. janúar 2006